

**BORGARRÁÐ 16. febrúar 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um fjölda þeirra sem eru í vanskilum við Reykjavíkurborg - MSS23020114**

Eru einhverjir með lokað á þjónustu frá Reykjavíkurborg eða fyrirtækja í eigu hennar vegna vanskila? Hver var staðan á því árið 2022 og það sem af er ári 2023? Ef svo er hversu margir borgarbúar eru það og/eða heimili í Reykjavík? Hér er t.a.m. verið að tala um þjónustu frá skóla- og frístundasviði og Orkuveitu Reykjavíkur. Það er mikilvægt að ganga úr skugga um að enginn í borginni sé án nauðsynlegrar þjónustu. Fulltrúi sósíalísta er meðvituð um verklagsreglur borgarinnar sem miða að því að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu á skóla- og frístundasviði vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra en eru einhver börn sem geta ekki fengið samþykka þjónustu vegna skuldavanda sem á eftir að greiða úr? Eru einhverjir vistunarsamningar barna í uppnámi vegna vanskila? Ef svo er, hver er fjöldi þeirra?